

REGLUR

um breyting á reglum nr. 481/2008, um vöruval og sölu áfengis og skilmálar í viðskiptum við birgja.

Grein 7.12. í reglunum verður svohljóðandi: ÁTVR birtir verðskrá á heimasíðu sinni – www.vinbud.is. ÁTVR breytir útsöluverði sínu að jafnaði fyrsta dag hvers mánaðar. Birgjar geta breytt verði sínu til ÁTVR mánaðarlega. Tilkynna skal verðbreytingar skriflega til ÁTVR eigi síðar en tuttugasta dag hvers mánaðar á undan verðbreytingardegi. ÁTVR getur til 1. apríl 2009 heimilað birgjum að breyta verði sínu oftari ef sérstakt tilefni er til.

Reykjavík, 19. nóvember 2008.
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins,
Ívar J. Arndal forstjóri.

Með vísan til 8. gr. reglugerðar nr. 883/2005, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, eru reglur þessar hér með staðfestar og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 19. nóvember 2008.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Þórður Reynisson.

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2008